

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 20. maí 2021.

Fulltrúi LSS var: Hermann Sigurðsson,

Fulltrúar SNS voru: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Samkomulag hjá sveitarfélagi um boðtæki starfsmanna samkvæmt grein 1.3.2.1.

LSS lagði fram undirritað samkomulag um nánari reglur um boðtæki starfsmanna er byggir á grein 1.3.2.1. Samkomulagið gildir frá 1. janúar 2020 til 30. september 2023 nema annað verði ákveðið og tilkynnt með þriggja mánaða fyrirvara.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin staðfestir samkomulagið.

2. Tjón á persónulegum búnaði.

LSS hefur lagt fram tillögu að vinnureglum við mat á tjóni á persónulegum munum og boðtækjum.

Niðurstaða:

SNS telur að það sé ekki á borði samstarfsnefndar að setja svo nákvæmar reglur um rekstrarlegt atriði. Náist ekki samkomulag í niðurstöðu bótamáls á milli vinnuveitanda og starfsmanns getur samstarfsnefnd tekið slík mál til úrskurðar.

3. Fræðslumál. Bókun 5 [2020].

Aðilar eru sammála um að gera sérstakt átak í fræðslumálum slökkviliðsmanna til styðja við innleiðingu og framkvæmd reglugerðar um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018. Markmið aðila er bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi félagsmanna LSS. Liður í þessu átaki er að efla starfsmenntunarsjóð LSS. Aðilar munu einnig fara í sameiginlega endurskoða á 10. kafla kjarasamnings með sérstaka áherslu á símenntun og viðbótarmenntun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Samstarfsnefnd SNS og LSS hefur frumkvæði í verkefninu. Vinnu þessari skal lokið fyrir 1. apríl 2021 og gildir breyttur 10. kafli frá og með þeim tíma.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að LSS hefji vinnu við kortlagningu á bæði stöðu og fræðslumálum slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Hvor aðili um sig tilnefnir tvo aðila í vinnuhópinn.

4. Stytting vinnutíma í dagvinnu og vaktavinnu, bókun 6.

LSS fer yfir stöðu málsins.

5. Sálrænn stuðningur, bókun 14 [2020]

Aðilar eru sammála um að vinna áfram samkvæmt samkomulagi aðila um sálrænan stuðning sem undirritað var á 6. september 2018 og koma fjármögnun verkefnisins í tryggan farveg. Samstarfsnefnd aðila er falið verkefnið.

Niðurstaða:

Bókunin rædd og fer til áframhaldandi vinnslu samstarfsnefndar. SNS bíður eftir nýjustu tölum og stöðu styrktarsjóðs í þessu samhengi.

6. Undanþága frá sjúkraflutningum

Fulltrúar LSS lögðu fram erindi varðandi undanþágu frá sjúkraflutningum vegna 50 ára reglunnar og framkvæmd hennar.

Niðurstaða:

Umræða tekin og málið unnið áfram.

7. Félagsaðild. Hlutastarfandi slökkviliðsmenn hjá sveitarfélagi

Hlutastarfandi slökkviliðsmenn hjá sveitarfélagi hafa fært sig yfir til LSS. LSS reifar málið.

Niðurstaða:

SNS tekur málið til skoðunnar með sveitarfélaginu.

8. Bolungarvík.

Málið er afgreitt.

9. Bakvaktargreiðslur fyrir slökkviliðsstjóra í sveitarfélagi

Málið er í vinnslu hjá sveitarfélaginu.

10. 14. kafli kjarasamningsins

Samstarfsnefnd ræðir 14. kafla kjarasamningsins og telur ástæðu til að áréttta þá túlkun á 14. kafla kjarasamningsins að í grein 14.2.1. stendur að um *hlutastarfandi slökkviliðsmenn gilda ekki önnur ákvæði kjarasamningsins en gr. 14.2 og 14.4. Við útreikning tímakaups hlutastarfandi slökkviliðsmanna er ekki tekið mið af persónuálagi samkvæmt 10. kafla kjarasamnings þessa og í grein 14.3.1. stendur um hlutastarfandi sjúkraflutningamenn gilda ekki önnur ákvæði kjarasamningsins en gr. 14.3 og 14.4. Við útreikning tímakaups hlutastarfandi sjúkraflutningamanna er ekki tekið mið af persónuálagi samkvæmt 10. kafla kjarasamnings þessa.*

11. Tryggingasjóður

Stjórn Tryggingasjóðs hefur lokið endurskoðun á hlutverki Tryggingasjóðs sbr. bókun 8. Búið er að útvíkka tryggingavernd hjá slökkviliðsmönnum vegna starfstengdra krabbameina. Félagsmenn geta sótt um þann styrk í gegnum styrktarsjóð.

12. Bókun 13, mat á störfum

LSS hefur skila inn öllum gögnum til verkefnastofu starfsmats og eru störfin í starfsmati.

13. Næsti fundur samstarfsnefndar

Næsti fundur samstarfsnefndar verður 22. júní nk. kl. 13:00 sem verður síðasti fundur fyrir sumarfrí.

Fleira ekki gert